

**Kvennaskólinn í Reykjavík**  
**02 309**

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Kvennaskólinn í Reykjavík  
kt. 650276-0359  
Fríkirkjuvegí 9, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kvennaskólinn í Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar í samræmi við lög nr. 68/2012 og nr. 92/2008.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Kvennaskólinn er menntaskóli sem býður upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs. Námið er eingöngu staðnám og námstími er sveigjanlegur; þ.e. nemendur geta valið hvort þeir ljúka náminu á 3, 3,5 eða 4 árum. Skólinn byggir á bekkjakerfi og val nemenda eykst í síðari hluta námsins. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 807,7 milljónir og afkoma kr. 44,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 66,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 134,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Kvennaskólans í Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kvennaskólans í Reykjavík fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 12/8 2018

Staður, dags.

  
Forstöðumaður



## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	737.331.021	669.034.427
Seld þjónusta .....	4	34.040.601	29.907.408
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	29.125.919	31.422.963
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	7.238.083	6.657.144
<b>Tekjur samtals</b>		<b>807.735.624</b>	<b>737.021.942</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	6	639.142.234	613.116.663
Annar rekstrarkostnaður .....	7	117.178.571	105.079.694
Afskriftir .....	8	7.238.083	6.657.144
<b>Gjöld samtals</b>		<b>763.558.888</b>	<b>724.853.501</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>44.176.736</b>	<b>12.168.441</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		73.586	2.214
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(6.795)	(56.047)
		66.791	(53.833)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>44.243.527</b>	<b>12.114.608</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		32.775.706	21.681.380
Aðrar eignir .....		1.206.991	172.716
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>33.982.697</b>	<b>21.854.096</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		44.810	296.348
Tengdir aðilar .....	10	47.609.815	25.738.130
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	1.716.554	445.373
Handbært fé .....	12	50.822.318	35.687.186
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>100.193.497</b>	<b>62.167.037</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>134.176.194</b>	<b>84.021.133</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	13		
Hrein eign .....		66.300.193	22.056.666
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>66.300.193</b>	<b>22.056.666</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	92.405	345.640
Viðskiptaskuldir .....		6.598.369	5.766.558
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	33.269.214	33.998.173
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	27.916.013	21.854.096
		67.876.001	61.964.467
<b>Skuldir samtals</b>		<b>67.876.001</b>	<b>61.964.467</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>134.176.194</b>	<b>84.021.133</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		44.243.527	12.114.608
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	7.238.083	6.657.144
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(7.238.083)	(6.657.144)
		<u>44.243.527</u>	<u>12.114.608</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.019.643)	(613.747)
Skammtímaskuldir .....		102.852	(7.006.994)
		<u>(916.791)</u>	<u>(7.620.741)</u>
		<u>43.326.736</u>	<u>4.493.867</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(19.366.684)	(11.616.152)
		<u>(19.366.684)</u>	<u>(11.616.152)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		(22.124.920)	30.128.104
Fjárfestingarframlag .....		13.300.000	11.616.152
		<u>(8.824.920)</u>	<u>41.744.256</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		15.135.132	34.621.971
Handbært fé í byrjun árs .....		35.687.186	1.065.215
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>50.822.318</u>	<u>35.687.186</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stað í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

#### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár/óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.



## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	750.631.021	680.650.579
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	(13.300.000)	(11.616.152)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	737.331.021	669.034.427
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	7.238.083	6.657.144
	<u>744.569.104</u>	<u>675.691.571</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	721.200.000	0	0	721.200.000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
Launbætur .....	24.500.000	0	0	24.500.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting .....	(13.300.000)	0	0	(13.300.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	4.931.021	0	0	4.931.021
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>737.331.021</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>737.331.021</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(693.087.494)	0	0	(693.087.494)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>44.243.527</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>44.243.527</b>

### 4 Seld þjónusta

	2018	2017
Sérfræðiþjónusta .....	355.168	348.418
Sala á vöru og þjónustu .....	7.320.000	7.446.000
Verksala .....	1.671.160	2.131.097
Ýmsar þjónustutekjur .....	767.000	364.000
Veitinga- og gistiþjónusta .....	21.997.523	17.684.493
Fræðslustarfsemi og fundir .....	1.929.750	1.933.400
	<u>34.040.601</u>	<u>29.907.408</u>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.270.250	848.025
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	5.741.569	10.538.540
Ýmsar tekjur .....	22.114.100	20.036.398
	<u>29.125.919</u>	<u>31.422.963</u>

### 6 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	518.130.855	494.086.214
Orlof, breyting .....	(1.768.192)	3.074.090
Launatengd gjöld .....	121.828.084	115.277.481
Starfsmannakostnaður .....	951.487	678.878
	<u>639.142.234</u>	<u>613.116.663</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	59	59
------------------------------	----	----

## Skýringar

	2018	2017
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.821.854	1.822.727
Byggingarvörur, almennar .....	100.454	232.327
Byggingarvörur, aðrar .....	5.112	203.174
Tæki og búnaður til innréttinga .....	851.217	326.173
Ýmis tæki og áhöld .....	632.810	590.974
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	267.191	409.257
Orkugjafar .....	6.927.459	6.209.753
Matvæli .....	16.734.747	12.915.977
Almennar rekstrarvörur .....	1.395.390	3.289.537
Vörukaup, almenn	28.736.234	25.999.899
Kennslu- og föndurvörur .....	2.026.606	1.651.729
Ýmsar sérgreindar vörur .....	95.553	24.737
Vörukaup, sérgreind	2.122.159	1.676.466
Fundir, námskeið, risna .....	3.689.877	3.553.736
Ferðir, uppihald .....	6.404.020	2.853.268
Akstur .....	2.433.200	1.425.024
Sérfræðiþjónusta .....	14.322.961	13.128.457
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	544.902	449.722
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	649.153	213.338
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	496.546	261.140
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	28.540.659	21.884.685
Samningsbundin kaup og leiga .....	0	0
Afnotagjöld .....	2.575.135	2.854.090
Leigugjöld .....	51.544.028	47.580.970
Notkun véla og flutningatækja .....	98.000	45.630
Verkkaup .....	2.462.644	3.870.901
Kostnaðarhlutdeild .....	969.610	907.563
Áhættutap og bætur .....	0	129.900
Tryggingar, lögboðnar .....	19.702	19.190
Opinber gjöld .....	110.400	110.400
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	57.779.519	55.518.644
Annar rekstrarkostnaður samtals	117.178.571	105.079.694

## Skýringar

	2018	2017	
<b>8 Afskriftir</b>			
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	7.140.087	6.614.148	
Aðrar eignir .....	97.996	42.996	
	<u>7.238.083</u>	<u>6.657.144</u>	
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld og búnaður .....	32.775.706	21.681.380	
Aðrar eignir .....	1.206.991	172.716	
	<u>33.982.697</u>	<u>21.854.096</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:			
	<b>Áhöld og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2018 .....	47.268.558	461.500	47.730.058
Viðbætur á árinu .....	18.234.413	1.132.271	19.366.684
	<u>65.502.971</u>	<u>1.593.771</u>	<u>67.096.742</u>
Afskriftir 1.1.2018 .....	25.587.178	288.784	25.875.962
Afskrift ársins .....	7.140.087	97.996	7.238.083
	<u>32.727.265</u>	<u>386.780</u>	<u>33.114.045</u>
Staða 31.12.2018 .....	<u>32.775.706</u>	<u>1.206.991</u>	<u>33.982.697</u>
<b>10 Tengdir aðilar</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.			
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	21.516.517	0	
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	355.168	0	
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	25.738.130	25.738.130	
	<u>47.609.815</u>	<u>25.738.130</u>	
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	345.640	
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	92.405	0	
	<u>92.405</u>	<u>345.640</u>	
<b>11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>			
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	142.970	109.622	
Skattar .....	1.573.584	335.751	
	<u>1.716.554</u>	<u>445.373</u>	

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>12 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	90.957	35.000
Tékkareikningar .....	50.667.981	35.591.396
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	63.380	60.790
	<u>50.822.318</u>	<u>35.687.186</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	22.056.666	(15.796.072)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	25.738.130
Afkoma ársins .....	44.243.527	12.114.608
Jöfnuður 31.12. ....	<u>66.300.193</u>	<u>22.056.666</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 25,7 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrir mælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

### 14 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreitt orlof .....	27.044.028	28.812.220
Ógreidd laun .....	0	786.385
Önnur ógreidd gjöld .....	6.225.186	4.399.568
	<u>33.269.214</u>	<u>33.998.173</u>

## Skýringar

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	33.982.697	21.854.096
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(6.066.684)	0
	<u>27.916.013</u>	<u>21.854.096</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	21.854.096	0	21.854.096
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	13.300.000	13.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	19.366.684	(19.366.684)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(7.238.083)	0	(7.238.083)
	<u>33.982.697</u>	<u>(6.066.684)</u>	<u>27.916.013</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 5,1 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 105,6 milljónum og vegna þjónustusamninga kerfa kr. 13,2 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.